



Fundargerð

443. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í fjarfundi á zoom kl. 15:00 miðvikudaginn 22. apríl 2020. Þetta er 5. fundur ársins. Fundinum er streymt beint á youtube; <https://youtu.be/jIvkob8iYw>

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 5 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Bjarki Guðnason starfandi oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Jón Hrafn Karlsson D-lista boðar forföll. Í hans stað er mættur Sveinn H. Jensson 3. varamaður D-lista.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, við málefnskra bætist;

II. Málefni til umfjöllunar

7. Ósk um umsögn varðandi framtíðarskipulag náttúruverndar og innviða innan landslagsheildarinnar í Vonarskarði. Svæðisráð Vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, dags. 6. apríl 2020.

III. Fundargerðir til kynningar

7. Fundargerð 126. fundar rekstrarnefndar Klausturhóla, dags. 3. apríl 2020

8. Fundargerð 127. fundar rekstrarnefndar Klausturhóla, dags. 16. apríl 2020

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Sandra Brá Jóhannsdóttir kom aftur til starfa eftir leyfi þann 1. apríl sl. Vinna við endurskoðun 2019 er langt komin og er stefnt að fyrri umræðu um ársreikning 2019 á maí fundi sveitarstjórnar. Sveitarstjóri hefur setið tvo fjarfundi svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs. Tveir fundir hafa einnig verið haldnir vegna landaskipta óskipts lands á Kirkjubæjarklaustri þar sem áframhaldandi vinna við landskiptagerð fór fram og voru sveitarstjóri og oddviti fulltrúar sveitarfélagsins á þeim fundum. Næsti fundur er áætlaður 30. apríl nk. Verkefnisstjóri almannavarna á Suðurlandi stendur fyrir vikulegum fundum vettvangsstjórnar þar sem farið er yfir stöðuna í Vestur-Skaftafellssýslu vegna áhrifa Covid 19. Einn fundur hefur verið í verkefnishóp um Sveitarfélagið Suðurland. Sveitarstjóri sat hluthafafund Eldvilja ehf þar sem samþykkt var tilboð í fasteignina á Klausturvegi 2. Sveitarstjóri átti fund með forstöðumönnum sveitarfélagsins þar sem farið var yfir áhrif Covid 19 á stofnanir sveitarfélagsins og mögulegar mótvægisáðgerðir. Sveitarstjóri og oddviti áttu fund með verkefnishópi um uppbyggingu þekkingarseturs í heimavistarálmu Kirkjubæjarskóla. Vinnufundir hafa verið haldnir vikulega með sveitarstjórn frá mánaðmótum vegna Covid 19 og verður því haldið áfram næstu vikurnar. Sveitarstjóri sat stjórnarfund Bergrisans bs. Framundan eru miklir óvissu tímar hjá sveitarfélaginu og vinnur sveitarstjóri nú að því í samvinnu við fjármálastjóra að greina og kortleggja væntanlegt tekjutap og áhrif þess á rekstur og framkvæmdir. Lögð verður fram ný áætlun ásamt næmnigreiningu á næsta fundi sveitarstjórnar. Sveitarstjórn vill koma á framfæri þökkum til starfsfólks sveitarfélagsins fyrir að standa í framlínu við rekstur sveitarfélagsins undir því mikla álagi sem heimsfaraldurinn vegna Covid 19 hefur valdið.



Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundur fræðslunefndar nr 169. dags 21.04.2020

Kl. 17:00 - Fræðslunefnd.

2. 2004004 Önnur mál.

Vinna í gangi í skipulagi þekkingarseturs. Fræðslunefnd óskar þess að horft verði til þess að kennsluvæði skólastofnananna sé ekki klofið upp með því að setja þekkingasetrið á neðri hæð heimavistarinnar. Æskilegra væri að flytja tónlistarskólann niður á 1. hæðina og þekkingasetrinu yrði fundinn staður á efri hæðinni. Þannig er einnig hægt að komast hjá því að raska nýrri heimilisfræðistofu, með tilheyrandi kostnaði.

Sveitarstjórn þakkar ábendingarnar og felur sveitarstjóra að koma þeim til umræðu í verkefnishópi um þekkingarsetur.

Kl. 17:30 – Tónlistarskóli Skaftárhrepps.

Til fundarins mætir Zbigniew Zuchowicz.

1) 2004005 Aðgerðaáætlun sveitarfélagsins vegna covid 19.

Skv útgefni aðgerðaáætlun skal tónlistarkennsla vera eingöngu bundin við fjarkennslu.

Fræðslunefnd óskar þess að áætluninni verði breytt á eftirfarandi hátt:

- i) Heimsóknir bannaðar.
- ii) Einkakennsla er heimil en tryggja þarf a.m.k. tveggja metra fjarlægðatakmarkanir milli nemanda og kennara.
- iii) Allt samspil nemanda er óheimilt meðan takmarkanir eru á skólastarfi.
- iv) Tryggja þarf sótthreinsun snertiflata, s.s. hljóðfæra og annars húsbúnaðar milli kennslustunda.
- v) Tónlistarkennarar fylgja nemendum í og úr kennslustundum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ofangreindar breytingar á aðgerðaráætlun Skaftárhrepps vegna kennslu tónlistarskólans. Sveitarstjóra falið að uppfæra aðgerðaráætlunina í samræmi við breytingarnar og auglýsa að nýju.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2004005 Viðspyrna sveitarstjórnar Skaftárhrepps vegna Covid19 – Fyrstu aðgerðir
Ljóst er að heimsfaraldurinn mun hafa mikil áhrif á fyrirtæki og íbúa í Skaftárhreppi. Til að koma til móts við atvinnulíf og samfélagið í heild sinni mun sveitarstjórn beita eftirfarandi úrræðum;

- *Samþykktar eru breytingar á gjalddögum fasteignagjalda fyrir árið 2020 í samræmi við bráðabirgðaákvæði 14. gr. í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Fyrirtæki sem orðið hafa fyrir verulegu tekjufalli geta sótt um frestun gjalddaga 1. maí og 1. júní 2020 fasteignagjalda ásamt þeim gjöldum sem innheimt eru meðfylgjandi til 15. janúar 2021. Umsóknir um frestun þurfa að berast í síðasta lagi 15. maí 2020. Sveitarstjóra falið að útbúa umsóknareyðublað með nánari útlistun á skilyrðum og málsmeðferðarreglum og auglýsa í sveitarfélaginu.*
- *Heilsuleikskólinn Kæríbær fær heimild til að innheimta leikskólagjöld í samræmi við viðveru barna til 29. júní 2020.*



- *Veittur verður afsláttur mótuneytisgjalda í grunnskóla í samræmi við skerta þjónustu.*
- *Lengt verður í öllum kortum í íþróttamiðstöðina í samræmi við þann tíma sem lokun hennar stendur yfir*
- *Bókasafnskort verða framlengd í samræmi við þann tíma sem Héraðsbókasafnið verður lokað.*
- *Auglýst verður sérstaklega eftir námsmönnum á aldrinum 18-25 til starfa við vinnuskóla og fegrun umhverfis í sveitarfélaginu í sumar.*
- *Nýtt verða úrræði t.a.m. ráðningarstyrkir atvinnuleysistryggingasjóðs til að skapa atvinnu fyrir þá sem verða á atvinnuleysisbótum í 3 mánuði eða lengur.*

Sveitarstjórn hittist vikulega á fjarfundum til að meta aðgerðir sem verða í stöðugri endurskoðun næstu vikurnar.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og fjármálastjóra fullnaðarafgreiðslu ofangreindra aðgerða.

2. 1903016 Makaskipti íslenska ríkisins og Skaftárhrepps á landi

Fyrir fundinum liggja samskipti Gunnars Birgissonar við Fjármála- og efnahagsráðuneytið varðandi hugmyndir að makaskiptum íslenska ríkisins og Skaftárhrepps á landi ríkisins á Kirkjubæjarklaustri og landskika úr jörðinni Eintúnahálsi. Ljóst er að þau makaskipti sem sveitarfélagið lagði upp með verða ekki samþykkt af hálfu ráðuneytisins. Leita þarf því leiða til að loka málinu svo uppbygging á Kirkjubæjarklaustri geti hafist í samræmi við deiliskipulag sem nú er á lokametrunum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að leita samninga við ráðuneytið um lóðarleigu á umræddu svæði.

3. 2004006 Bærinn minn – þættir á Hringbraut tilboð. Hringbraut fjölmiðlar, dags. 16. apríl 2020

Sjónvarpsstöðin Hringbraut er að fara af stað með þáttagerð um bæjarfélög á landsbyggðinni sem sýndir verða nú í sumar. Kostnaður við þátttöku er 1.200.000 kr. auk vsk. Sveitarstjórn þakkar tilboðið og vísar málinu til umfjöllunar í atvinnuálanefnd.

4. 200403 Samkomulag Skaftárhrepps og Pure North Recycling, dags. 15. apríl 2020 – til staðfestingar.

Fyrir fundinum liggur samkomulag Skaftárhrepps og Pure North Recycling ehf. um móttöku og endurvinnslu á öllu plasti sem safnast í sveitarfélaginu þ.á.m rúlluplasti. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samkomulagið.

5. 2004007 Prókúruumboð fjármálastjóra Skaftárhrepps

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita Karli Antonssyni kt. 100854-2529 fjármálastjóra Skaftárhrepps prókúruumboð á alla reikninga í eigu Skaftárhrepps. Sveitarstjóra falið að ljúka málinu.

6. 2003009 Samningar vegna ljósleiðaralagningar í Skaftárhreppi til staðfestingar

Fyrir fundinum liggja samningar vegna ljósleiðaralagningar í Skaftárhreppi. Samningur Skaftárhrepps og Raftel ehf. vegna ráðgjafavinnu og utanumhald vegna samskipta við fjarskiptasjóð. Samningur Skaftárhrepps og Smára ehf. um lúkningu á lagningu og tengingu ljósleiðara í samræmi við styrk úr fjarskiptasjóði 2019 og 2020. Samningur Skaftárhrepps við Sæmund Oddsteinsson um að koma niður heimtaugum, blása í og tengja í Álfstaveri. Sveitarstjóri telur ekki þörf á samningi við Raftel ehf. í tengslum við ráðgjafavinnu á þessum tímapunkti þar sem sveitarstjóri og skipulags- og byggingarfulltrúi munu sjá um þann lið.



Oddviti ber upp breytingartillögu Katrínar Gunnarsdóttir til atkvæða; Tillagan er um að staðfestingu samnings við Raftel ehf. verði frestað. Breytingartillögu hafnað af Bjarka Guðnasyni, Arndísi Harðardóttur, Heiðu G. Ásgeirsdóttur og Sveini H. Jenssyni.

Oddviti ber upp tillögu um að samningar við Smára ehf. og Sæmund Oddsteinsson verði samþykktir en ekki verði staðfestur samningur við Raftel ehf. Tillaga samþykkt af Bjarka Guðnasyni, Arndísi Harðardóttur, Heiðu G. Ásgeirsdóttur og Sveini H. Jenssyni. Tillögu hafnað af Katrínu Gunnarsdóttur.

7. 2004008 Ósk um umsögn varðandi framtíðarskipulag náttúruverndar og innviða innan landslagsheildarinnar í Vonarskarði. Svæðisráð Vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs, dags. 6. apríl 2020.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur frá upphafi átt fulltrúa í svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs og ber því fullt traust til ákvarðana þess. Fram kemur ítrekað í bókunum svæðisráðs vestursvæðis gegnum árin meirihlutavilji til að hafa Vonarskarð lokað fyrir vélknúinni umferð nema á frosinni og snævi þakinni jörð og telur sveitarstjórn Skaftárhrepps engar forsendur fyrir því hvorki fyrr né nú að ganga gegn þeirri rökum studdu skoðun svæðisráðs. Sveitarstjórn Skaftárhrepps bendir einnig á bókun sveitarstjórnar Ásahrepps frá 19. febrúar 2020 um umferð í Vonarskarði við endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps sem fer með skipulagsvald í Vonarskarði.

Sveitarstjóra falið að koma umsögn sveitarstjórnar til svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs fyrir tilskilinn umsagnarfrést.

III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 82. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs, dags. 1. apríl 2020. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 83. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs, dags. 16. apríl 2020. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð 131. fundar stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs, dags. 24. júní 2019. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð 8. fundar menntamálaráðherra með samráðshópi um skólastarf, dags. 3. apríl 2020. *Fundargerð kynnt.*
5. Fundargerð 76. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 16. apríl 2020. *Fundargerð kynnt.*
6. Fundargerð sunnlensks samráðsfjarfundar þingmanna Suðurkjördæmis, stjórnar SASS og sveitar- og bæjarstjóra á Suðurlandi, dags. 17. apríl 2020. *Fundargerð kynnt.*
7. Fundargerð 126. fundar rekstrarnefndar Klausturhóla, dags. 3. apríl 2020. *Fundargerð kynnt.*
8. Fundargerð 127. fundar rekstrarnefndar Klausturhóla, dags. 16. apríl 2020. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni

1. Íþróttahreyfingin og Covid 19. Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, dags. 1. apríl 2020. *Kynnt.*
2. Frestun aðalfundar Lánasjóðsins. Lánasjóður sveitarfélaga, dags. 7. apríl 2020. *Kynnt.*
3. Heimild til frestunar greiðslu fasteignaskatta. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 2. apríl 2020. *Kynnt.*
4. Heimþjónusta á tímum Covid 19. Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 15. apríl 2020. *Kynnt.*
5. Til upplýsinga fyrir sveitarfélög um gerð viðauka og jafnvægi í rekstri. Skrifstofa sveitarfélaga- og byggðamála, dags. 6. apríl 2020. *Kynnt.*



Fundargerð lesin upp og samþykkt með staðfestingu undirritaðra sveitarstjórnarmanna í tölvupósti til sveitarstjóra.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 13. maí 2020

Fundi slitið kl. 16.26

Bjarki Guðnason

Sveinn H. Jensson

Katrín Gunnarsdóttir

Heiða G. Ásgeirsdóttir

Arndís Harðardóttir